

Reykjavík 31.08.2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), mál 972.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vísa til tölvupóst velferðarnefndar frá 28. ágúst 2020 þar sem óskað var eftir umsagnar SAF um mál nr. 972, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar). Í grunnin styðja SAF frumvarpið en vilja hins vegar að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu áður en það verður að lögum.

Framlenging hlutabótaleiðar

Frumvarpið er lagt fram fyrir Alþingi í ljósi þeirra miklu óvissu sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði vegna útbreiðslu kórónuveiru (SARS-CoV-2) sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ferðaþjónustunni eftir að heimsfaraldur veirunnar braust út og er ófyrirséð hve langt samdráttarskeið verður. Í ljósi þess vekur það furðu SAF af hverju hlutabótaleiðin svokallaða er einungis framlengd í tvo mánuði. Að mati SAF er með þessu sýndur lítil vilji til að koma á einhverjum fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki. SAF mælast til þess að frumvarpið beri með sér leið sem staðfestir að hlutabótaleiðin verði til staðar á íslenskum vinnumarkaði svo lengi sem stjórnvöld beita sóttvarnaraðgerðum á íslenskt samfélag. Ráðningasamband vinnuveitanda og starfsmanns er mikilvægt og þess vegna var þessi aðgerð sett á í upphafi. Ef það er ekki í boði að koma með varanlegri leið í þessum efnum þá er lagt til að lengja í aðgerðinni þannig að hún gildi a.m.k. út árið.

Hækka hlutfall hlutabóta

Þegar hlutabótaleiðin var sett í mars sl. með lögum nr. 23/2020 í kjölfar fyrsta aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar var miðað við 25% starfshlutfall. Mælt var fyrir um í lögnum að ákvæðið skyldi falla úr gildi 1. júní 2020. Fyrirtæki voru hvatt til að nýta sér úrræðið til að viðhalda ráðningasambandi sem myndi að öðrum kosti glatast. Með lögum nr. 44/2020 voru gerðar breytingar á hlutabótaleiðinni. Ein af þeim breytingum var m.a. sú að auka starfshlutfall hlutabóta í 50%. Úrræðið átti að gilda út 31. ágúst 2020.

Hægt er að segja að ákveðin bjartsýni hafi ríkt fyrr í sumar um að ástandið, sem kórónuveiran veldur færi batnandi og yrði ekki varanlegt. Raunin er hins vegar önnur. Ástandið mun vara út árið hið minnsta, líklega næstu misseri. Því þarf að horfa til upphaflegu laganna en ekki þeirra laga sem voru sett í maí og miða starfshlutfallið við a.m.k. 25%.

Nám er tækifæri

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að Vinnumálastofnun sé heimilt að gera sérstakan námssamning við atvinnuleitanda sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Vinnumálastofnun og viðkomandi atvinnuleitandi skulu gera með sér samning. Með honum skuldbindur atvinnuleitandi sig til að stunda nám sem hann hefur valið sér í samráði við stofnunina og fellur undir átakið *Nám er tækifæri*. Samningurinn hefur ekki áhrif á rétt viðkomandi atvinnuleitanda til atvinnuleysistrygginga.

Eitt af skilyrðunum fyrir fyrrgreindum samningi er meðal annars að viðkomandi atvinnuleitandi hafi verið í virkri atvinnuleit og skráður án atvinnu hjá stofnunni í a.m.k. sex mánuði áður en hann óskar eftir fyrrgreindum samningi.

Áhrif núverandi ástands hófst í lok ferbrúar 2020. Atvinnuleitendur sem hafa orðið fyrir áhrifum af kórónukreppurnar uppfylla því fæstir ef nokkur þeirra ofangreint skilyrði. Þó það sé sérstaklega mikilvægt að koma sérstaklega til móts við þá sem hafa verið í atvinnuleit lengi vilja SAF benda á að til þess að þetta úrræði virki fyrir sem flesta þá er mikilvægt að stytta sex mánaða tímabilið. Núverandi ástand mun vafalaust vara næstu mánuði ef ekki misseri. Það mun taka langan tíma að koma þeim sem eru og/eða verða atvinnulausir á næstu mánuðum aftur á vinnumarkaðinn.

Núverandi ástand mun vafalaust vara í lengri tíma en nokkurn óraði fyrir og því er mikilvægt fyrir stjórnvöld að fara að beita aðgerðum sem voru óhugsandi í upphafi. Aðgerðum til að viðhalda ráðningasamböndum svo verðmæti glatist ekki. Að því sögðu vilja samtökin benda á að það sé orðið tímabært að huga að því að veita fyrirtækjum svokallaða beina rekstrarstyrki til að styðja við fyrirtæki sem eiga sér enga von um að fá nokkrar tekjur fyrr en samfélagið fer aftur í gang með eðlilegum hætti.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri